

1861. Þetta sé yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar
5. júlím. og til auglýsingar.

5. júlím. **37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kostnað við að senda fanga til átt-haga sinna.**

Með því amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir færzt undan að láta eptir tilmælum yðar borga úr hlutadeiganda sveitarsjóði 13 rdl. 48 sk., til að endurgjalda lögreglusjóði Kaupmannahafnar kostnað, er reis af því, er leystur fangi, Jónas Sigfússon, var sendur til átt-haga sinna á Íslandi árið 1859, er amtmaður hélt að kostnað þenna bæri að greiða úr dómsmálasjóði Íslands, þá hafði þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 21. marzmánaðar, er síðast leið, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort dómsmálasjóðurinn eigi ekki að vera laus við kostnað þenna, og hvort eigi beri að greiða hann á þann hátt, sem að undanfögnu hafi tíðkazt í suðurumdæminu, þegar um þess konar gjöld hefir verið að ræða, en það er á þann hátt, að hann sé greiddur af framfærslusveit þess, er hlut á að máli.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér hlutist til um það, er þarf í því efni, að þareð það er ákveðið í kanselfbréfi 6. nóvemberm. 1845, að greiða skuli fyrst um sinn úr dómsmálasjóði Íslands kostnað, er rís af því, að afbrotamenn, sem búið er að láta lausa, eru sendir til átt-haga sinna á Íslandi, þá ber að greiða úr sjóði þessum kostnað þann, er reis af heimför Jónasar Sigfússonar, og hefir Havstein amtmanni í dag verið ritað um þetta efni.

5. júlím. **38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skil fyrir láni, er veitt var Skagafjarðarsýslu.**

Í bænarskrá, er hingað kom með bréfi yðar, herra amtmaður, 18. febrúarm., er síðast leið, hefir Eggert Briem, sýslumaður í